

REGLUR

um endurgreiðslu virðisaukaskatts til Norræna fjárfestingarbankans.

1. gr.

Gildissvið.

Eftir ákvæðum reglna þessara getur Norræni fjárfestingarbankinn, hér á eftir nefndur „bankinn“, fengið endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem hann hefur greitt hér á landi vegna kaupa á nauðsynlegri vöru eða þjónustu vegna opinberrar starfsemi bankans eða sjóða sem eru beint tengdir starfsemi bankans og bankinn rekur beint.

2. gr.

Endurgreiðslutímabil o.fl.

Endurgreiðslutímabil samkvæmt reglum þessum er sex mánuðir, janúar til og með júní og júlí til og með desember.

Bankinn getur fengið heimild skattstjóra til aukauppgjörs samkvæmt almennum reglum um uppgjörstímabil virðisaukaskatts nái endurgreiðslufjárhæð 150.000 kr. á tímabilinu.

Fjárhæð virðisaukaskatts sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal nema a.m.k. 15.000 kr.^{a)}

^{a)} Fjárhæðin breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við byggingarvísitölu.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal hafa borist skattstjóranum í Reykjavík í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok þess endurgreiðslutímabils sem umsóknin tekur til. Með umsókn skal fylgja frumrit sölureikninga eða greiðsluskjala úr tolli þar sem kemur fram sá virðisaukaskattur sem umsækjandi hefur greitt. Þessi skjöl skulu endursend umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

4. gr.

Afgreiðsla á umsóknum.

Skattstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum. Skattstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur hann í því sambandi krafið umsækjanda og þá sem selt hafa umsækjanda vörur þær og þjónustu sem umsókn varðar nánari skýringa á viðskiptunum. Skattstjóri skal tilkynna ríkisfóhirði um samþykki sitt til endurgreiðslu. Ríkisfóhirðir annast endurgreiðslu.

Umsóknir sem berast innan skilafrests og með réttum fylgigögnum skulu afgreiddar eigi síðar en einum mánuði og fimm dögum eftir lok endurgreiðslutímabils. Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests skulu afgreiddar með beiðnum næsta endurgreiðslutímabils.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt skuldbindingum íslenska ríkisins í 9. gr. samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann, taka þegar gildi.

Bráðabirgðákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 3. gr. reglna þessara er endurgreiðsla virðisaukaskatts heimil frá 1. janúar 1998, sbr. 16. gr. samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann.

Fjármálaráðuneytinu, 12. febrúar 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Marianna Jónasdóttir.

26. febrúar 2001

Nr. 166

REGLUGERÐ

um heimild færeyskra, norskra og rússneskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2001.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk, norsk og rússnesk stjórnvöld um heimildir skipa frá Færeyjum, Noregi og Rússlandi til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2001.

2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Um borð í veiðiskipi skal vera staðfesting, að viðkomandi skip hafi leyfi til síldveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og ennfremur þær reglur, sem um síldveiðarnar gilda.

3. gr.

Sunnan 67°00'N er færeyskum og norskum skipum óheimilt að stunda síldveiðar vestan 11°30'V. Aðeins skal 8 færeyskum skipum heimilt að stunda síldveiðar samtímis í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ekki skulu fleiri en 20 rússnesk skip hafa veiðileyfi og er þeim bannað að stunda veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi vestan línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 64°00'N - 09°00'V
2. 67°00'N - 09°00'V
3. 69°25'N - 13°00'V.

Óheimilt er norskum skipum að veiða innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi meira en 94.200 lestir, færeyskum skipum meira en 46.420 lestir og rússneskum skipum meira en 3.700 lestir af síld á árinu 2001.

4. gr.

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi eða kasti. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.